

Hönnun hf
Valgeir Kjartansson
Austurvegi 20
730 Reyðarfjörður

1999100007
7300; 9310

Reykjavík, 25. janúar 2001
/--

Efni: Höfn við iðnaðarsvæði að Hrauni í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar að matsáætlun um höfn við iðnaðarsvæðið að Hrauni í Reyðarfirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Verkfræðistofunnar Hönnunar hf. dags. 19. desember 2000 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Hönnun hf. Höfn við iðnaðarsvæði að Hrauni í Reyðarfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Desember 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fjarðabyggð, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands og veiðimálastjóra. Framkvæmdin var kynnt Þjóðminjasafni Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Fjarðabyggð með bréfi dags. 15. janúar 2001, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 8. janúar 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 8. janúar 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 11. janúar 2001, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 10. janúar 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 3. janúar 2001, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 15. janúar 2001 og Kolbrúnu Halldórsdóttur með bréfi dags. 9. janúar 2001. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi mótt. 22. janúar 2001.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Tengdar framkvæmdir

Fjallað er um Noral-verkefnið, tengdar framkvæmdir og tímaáætlun í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í köflum 1, 1.2 og 2.1. Þar kemur m.a. fram að áformað sé að leggja matsskýrslu fram til kynningar í febrúar/mars nk. Víða í tillögunni er einnig vikið að því hvar matsskýrslur um höfn annarsvegar og álver hinsvegar munu snertast eða skarast varðandi umfjöllun um einstaka þætti og/eða hvar framkvæmdirnar hafa áhrif á sömu umhverfisþætti, s.s. í kafla 2.5 um súralslosun, kafla 2.7 um vinnubúðir, kafla 5.1 um efnistöku, kafla 5.4 um hljóðstig, kafla 5.5 um sjónræn áhrif, kafla 5.12 um mannlíf og kafla 5.19 um löndun LPG gass. Í tillögu framkvæmdaraðila er einnig vikið að tengslum hafnarframkvæmdarinnar og mats á henni við fyrirhugaðar veg framkvæmdir í Reyðarfirði og að skipulagstillögur Fjarðabyggðar muni liggja fyrir til kynningar um sama leyti og matsskýrslur um álver og höfn.

Á kynningartíma tillögu framkvæmdaraðila kom fram ein athugasemd þar sem gerð er krafa um að nú séu forsendur fyrir Skipulagsstofnun að óska eftir sameiginlegu mati Noral-verkefnisins samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Bein tengsl varðandi mat á umhverfisáhrifum hafnar og álvers í Reyðarfirði eru fjölmörg, s.s. varðandi mat á umhverfisáhrifum löndunar og notkunar LPG gass og ýmis samlegðaráhrif, s.s. vegna efnistöku, umferðar, hávaða og mannafla. Því er þýðingarmikið að matsskýrslur liggi fyrir á sama tíma og markvisst sé hugað að því við mat og framsetningu niðurstaðna í báðum matsskýrslum að fjalla um samlegðaráhrif framkvæmdanna og önnur áhrif sem tengjast beint hinni framkvæmdinni. Skipulagsstofnun telur afar þýðingarmikið að mat á umhverfisáhrifum álvers og hafnar liggi fyrir á sama tíma. Skipulagsstofnun telur hinsvegar að þar sem fyrir liggur af hálfu framkvæmdaraðila að matsskýrslur þessara framkvæmda muni ligga fyrir á sama tíma og að í tillögu að matsáætlun um höfnina er beint vikið að því varðandi einstaka þætti hvernig þessar tvær matsskýrslur spila saman, sé ekki tilefni til að beita heimild ráðherra til að krefjast sameiginlegs mats. Í þessu sambandi er einnig jákvætt að fyrir liggur að Fjarðabyggð hyggst kynna skipulagsáform sín, í aðal- og deiliskipulagi, þegar matsskýrslur um höfn og álver verða kynntar.

Förgun kerbrota

Skipulagsstofnun vísar til þess sem fram kemur í tillögu að matsáætlun um álver á Reyðarfirði, en þar segir í kafla 4.9 að í matsskýrslu verði gerður samanburður við förgun kerbrota í flæðigryfjur. Séu þær flæðigryfjur innan hafnarvæðisins, þarf í matsskýrslu um höfn að gera grein fyrir förgun kerbrota í flæðigryfjur og meta umhverfisáhrif þeirrar förgunar. Að öðru leyti vísar Skipulagsstofnun til niðurstöðu um matsáætlun um álver á Reyðarfirði varðandi umfjöllun um umhverfisáhrif kerbrotaförgunar.

Dýpkun og landfyllingar og áhrif á gróður, dýralíf og lífríki sjávar og fjöru

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir mati á umhverfisáhrifum dýpkunar vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda og nýtingu dýpkunarefnis til landfyllinga á hafnarvæðinu. Gera þarf grein fyrir hvort dýpkun og landfyllingar eru líkleg til að valda umhverfisáhrifum og hvaða þættir umhverfisins er talið líkegt að verði fyrir áhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemd Náttúruverndar ríkisins um að í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun hefði átt að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað var að setja fram í matsskýrslu gögn og niðurstöður rannsókna á lífríki á landi og í sjó. Í matsskýrslu þarf, auk þess að gera niðurstöðum nefndra rannsókna skil, að nota þær og annað það sem kann að mega byggja á, til að leggja mat á umhverfisáhrif hafnarinnar á þessa þætti og eftir atvikum samlegðaráhrif hafnarinnar með öðrum framkvæmdum.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Andrésdóttir

Afrit: Fjarðabyggð, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafni Íslands, Kolbrún Halldórsdóttir, Reyðarálf hf., Landsvirkjun.